



## Fundargerð

439. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps,  
fimmtudaginn 13. júní 2019 kl. 15:00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt eru; Ingimar Ingimarsson(II), Embla Dögg B. Jóhannsdóttir(EDBJ), Karl Kristjánsson (KK), Árný Huld Haraldsdóttir(ÁHH), Jóhanna Ösp Einarsdóttir(JÖE) auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 3 blaðsíður.

Oddviti II bauð fólk velkomið og setti fund. Hann óskaði eftir að fundargerðir Starfshóps um skipulagsbreytingar varðandi umsjónarmann fasteigna og tengdum störfum; yrðu teknar á dagskrá undir fundargerðir.  
Samþykkt samhljóða.

### Dagskrá:

#### Fundargerðir sveitarfélagsins.

**1. Skipulags-, húsnaðis- og hafnarnefnd frá 11. júní 2019:**

Formaður KK fór yfir fundargerðirnar.

Tekin fyrir liður Vestfjarðarvegur 60 - aðalskipulagstillaga. Tekin fyrir endurskoðuð tillaga að aðalskipulagsbreytingu fyrir Vestfjarðarveg 60.

Sveitarstjóra falið að auglýsa tillöguna og að athugasemdarfrestur verði í 8 vikur.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að úthluta Kristjáni F. Olgeirssyni lóðinni að Hólatröð 6 sbr. 7. lið.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

**2. Stjórn Barmahlíðar 11. júní 2019:**

Formaður EDBJ fór yfir fundargerðina.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

**3. Fundargerðir skipulagsbreytingar varðandi umsjónarmanni fasteigna og störfum því tengdu:**

II fór yfir fundargerðirnar.

#### Mál til afgreiðslu.

**4. Trappa - samningur:**

Lagður fram endurnýjaður samningur við Töppu, dags. 10. júní, vegna sérfræðipjónustu við Reykhólaskóla.

Samþykkt samhljóða.

## 5. Endurskoðun fjárhagsáætlunar:

Lagt fram rekstraryfirlit Reykhólahrepps fyrir fjóra fyrstu mánuði yfirstandandi árs.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að gera eftirfarandi breytingar á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2019:

Tekjur vegna útgjaldajöfnunarframlags verði hækkaðar sem nemur 10.000.000 kr.

Tekjur hafnarsjóðs verði hækkaðar um 5.000.000 kr. vegna Flateyjarhafnar og kostnaður hækki um 1.000.000.

Framlag til göngustíga verði 5.000.000 kr.

Framlag til ljósleiðaravæðingar verði aukið um 8.000.000 kr.

Auknar tekjur verða til að mæta auknum framlögum til framangreindra verkefna.

Jafnframt samþykkt að fara heildstætt yfir fjárhagsáætlun yfirstandandi árs og þriggja ára áætlunar í sumar og því verði lokið á haustmánuðum.

Sveitarstjóra falið að koma breytingunum á framfæri við þá sem málið varðar.

## 6. Lánamál:

Sveitarstjóri lagði fram svohljóðandi tillögu:

„Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundi að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að kr. 40.000.000.-, með lokagjald daga þann 5. október 2034, í samræmi við lánstilboð um óverðtryggt lán með jöfnum afborgunum sem liggur fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Er lánið tekið til fjármögnunar á ljósleiðaravæðingu sveitarfélagsins sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er sveitarstjóra, Tryggva Harðarsyni, kt. 300654-4879, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Reykhólahrepps að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.“

Samþykkt samhljóða.

Jafnframt er sveitarstjóra heimilt að taka tímabundið yfirdráttarlán hjá viðskipabanka sveitarfélagsins allt að upphæð 20.000.000.- kr meðan beðið er eftir afgreiðslu Lánasjóðs Sveitarfélaga á lánaumsókn sveitarfélagsins.

Samþykkt.

## 7. Ársreikningar Reykhólahrepps 2018 - síðari umræða:

Teknir fyrir að nýju ársreikningar Reykhólahrepps 2018, A og B hluta, ásamt samstæðuársreikningi sveitarfélagsins fyrir árið 2018.

Jafnframt lagt fram staðfestingarbréf stjórnenda og endurskoðunarskýrsla 2018

Endurskoðunarstofunnar Álits ehf. ásamt ábyrða- og skuldbindingayfirliti fyrir árið 2018.

Sveitarstjórn hefur áhyggjur hallarekstri Barmahlíðar og leggur til að fundað verði með stjórnvöldum heilbrigðismála um stöðuna.

Eins verði farið vandlega yfir allan rekstur sveitarfélagsins og leitað hagræðingar á öllum sviðum.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða ársreikninga Reykhólahrepps fyrir árið 2018 og verða þeir undirritaðir ásamt fylgiskjölum.

**Mál til kynningar:**

**8. Ljósleiðari:**

Sveitarstjóra falið að leita allra leiða til að hrað uppbyggingu og bæta ljósleiðarasamband á Reykhólum.

Næsti fundur sveitarstjórnar er fyrirhugaður 13. ágúst nk. Áætlað er að skrifstofa hreppsins verði lokað frá 29.júlí til 9. ágúst.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.17:31

---

---

---

---

---

---